

Colas Ísland hf.
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 7. desember 2022
UST202202-385/G.S.O.
08.06.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 26. september 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti í færanlegu Ammann2 malbikunarstöð Colas Ísland hf. sem staðsett var í Tálknafirði, þann 15. ágúst 2022. Frestur var veittur til 24. október 2022 til að skila inn áætluninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.5 í starfsleyfi.** Skrifleg áætlun yfir þær ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning malbikunarstöðvarinnar lá ekki fyrir og var því ekki borin undir Umhverfisstofnun. **Áætlun um uppsetningu færanlegra malbikunarstöðva barst stofnuninni 5. desember sl.**
- 2. Gr. 4.5 í starfsleyfi.** Ársyfirlit stöðvarinnar fyrir árið 2021 með samantekt á niðurstöðum mælinga og skráningar hafa ekki borist Umhverfisstofnun. **Ársyfirlit barst stofnuninni 6. október sl.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálf Friðgeirsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur